

Þriðjudaginn 18. júní 1985.

Nr. 141/1985. **Gjaldheimtan í Reykjavík**

gegn

**Birgi Þorvaldssyni**

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Gjaldheimtan í Reykjavík hefur, skv. heimild í 1. mgr. 2. tölulið 21. gr. laga nr. 75/1973, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. maí 1985, sem barst Hæstarétti 6. þ.m. Sóknaraðili fékk vitneskju um úrskurðinn 24. maí sl. Hann gerir þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir skiptaráðanda að taka bú varnaraðilja, Birgis Þorvaldssonar, til gjaldþrotaskipta. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hin árangurslausa lögtaksgerð, er fram fór hjá varnaraðilja, Birgi Þorvaldssyni, 21. nóvember 1984 og liggur til grundvallar beiðni sóknaraðilja, Gjaldheimtunnar, um að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta, fullnægir skilyrðum 1. mgr. c-liðar 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir skiptaráðanda að taka bú varnaraðilja, Birgis Þorvaldssonar, til gjaldþrotaskipta.

Eftir þessum málalokum verður varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðilja 5.000,00 krónur í kærumálskostnað.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og er lagt fyrir skiptaráðanda að taka bú varnaraðilja, Birgis Þorvaldssonar, til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili, Birgir Þorvaldsson, greiði sóknaraðilja, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 5.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

## Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 14. maí 1985.

### I.

Með bréfi, dags. þann 4. janúar 1985, fór Gjaldheimtan í Reykjavík þess á leit, að bú Birgis Þorvaldssonar, nafnnúmer 1136-1609, Bláskógum 4, Reykjavík, yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Beiðni þessi studdist við árangurslausa aðfarargerð, er fram fór þann 21. nóvember 1984 vegna ógreiddra opinberra gjalda nefnds Birgis, alls að fjárhæð kr. 523.372,00 með áföllnum dráttarvöxtum.

Með bréfi, dags. þann 19. febrúar 1985, fór Póstgíróstofan enn fremur þess á leit, að bú sam- aðilja yrði tekið til gjaldþrotaskipta, ásamt búi Íslenskra sjávarréttta, nafnnúmer 4832-3693, en af beiðni þessari þykir mega ráða, að hér eigi að vera um einkafirma Birgis Þorvaldssonar að ræða. Studdist beiðni þessi við árangurslausa aðfarargerð, er fram fór þann 7. desember 1984 og beindist að Íslenskum sjávarréttum vegna skuldar þess firma við Póstgíróstofuna, að fjárhæð kr. 15.483,00, auk áfallinna vaxta frá 1. maí 1983.

Af hálfu Birgis Þorvaldssonar hefur ekki verið sótt þing vegna framkominna gjaldþrotabeiðna.

### II.

Sem fyrr greinir, styður Gjaldheimtan í Reykjavík umrædda gjaldþrotabeiðni sína við árangurslausa aðfarargerð, er fram fór vegna krafna hennar þann 21. nóvember 1984. Í endurriti gerðar þessarar, er fylgdi umræddri beiðni, segir meðal annars: „Af hálfu gerðarþola er mættur í réttinum Magnús Þórðarson hdl. og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafín gjöld en hann kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti þá á mætta að vísa á eignir gerðarþola til lögtaks. Mættur segir, að gerðarþoli sé eignalaus. Skv. því var gerðin án árangurs.“

Skiptaráðandanum í Reykjavík barst gjaldþrotabeiðni þessi þann 8. janúar 1985. Var hún endursend gjaldþrotabeiðanda með bréfi þann 10. janúar 1985, þar sem tiltekin var sú ástæða fyrir því, að lögtaksgerð, er beiðninni fylgdi, þótti ekki gefa næga vísbendingu um eignir skuldarans. Þessu bréfi svaraði Gjaldheimtan í Reykjavík með bréfi, dagsettu 4. febrúar 1985, þar sem meðal annars segir: „Af hálfu Gjaldheimtunnar er því haldið fram að í almennu málflutningsumboði lögmannna, sbr. 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, felist heimild til þessa (sic.) að gefa svo gilt sé, yfirlýsingar af því tagi sem hér um ræðir. Og jafnvel þó svo væri ekki, hlýtur slík yfirlýsing lögmanns að gefa nægjanlegt tilefni til þess að birta gerðarþola fyrirkall og láta hann sjálfan staðfesta yfirlýsingu lögmanns eða eftir atvikum neita réttmæti hennar. Ef lögmaður mætir fyrir gerðarþola

og ítrekar fyrri yfirlýsingu, mundi Gjaldheimtan vilja láta ganga úrskurð um hvort almennt málflytningsumboð hans nægi til þess að búið verði tekið til skipta.“ Með vísan til þessa ítrekaði Gjaldheimtan í Reykjavík beiðni sína um töku umrædds bús til gjaldþrotaskipta.

Af framkomnu síðastgreindu bréfi Gjaldheimtunnar í Reykjavík lét skiptaráðandi stefnuvott birta kvaðningu á hendur Birgi Þorvaldssyni, þar sem honum var stefnt til þess að mæta við fyrirtöku margnefndrar beiðni fyrir skiptarétti Reykjavíkur. Er beiðnin var tekin fyrir þann 27. febrúar 1985, var ekki mætt að hálfu Birgis Þorvaldssonar, en samkvæmt beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík var frekari meðferð hennar frestað til 21. mars 1985.

Þann 21. febrúar 1985 barst skiptaráðanda fyrrnefnd gjaldþrotabeiðni Póstgíróstofunnar. Er þess í beiðninni farið á leit, að bú Íslenskra sjávarréttá á samt búi Birgis Þorvaldssonar, sem gjaldþrotabeiðandi kveður eiganda nefnds fyrirtækis, verði tekin til gjaldþrotaskipta. Segir í beiðninni, að ástæður hennar séu þær, að gert hafi verið þann 7. desember 1984 árangurslaust lögtak hjá umræddu fyrirtæki, en þar hafi eigandi þess lýst það eignalaust. Í endurriti árangurslausrar lögtaksgerðar, sem beindist að Íslenskum sjávarréttum og fylgdi beiðninni, segir meðal annars eftirfarandi: „Gerðarþoli býr hér og er viðstaddur Birgir Þorvaldsson sem býr hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt og kveður hann fyrirtækið eignalaust með öllu. Jafnframt kveður hann Gjaldheimtuna í Reykjavík hafa gert árangurslaust lögtak.“

Birgi Þorvaldssyni var með bréfi skiptaráðanda, dagsettu 1. mars 1985, tilkynnt um framkomna gjaldþrotabeiðni Póstgíróstofunnar og að hún yrði tekin fyrir ásamt áður framkominni beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík sama efnis þann 21. mars 1985 á nánar tilteknum tíma. Var ekki sótt þing af hans hálfu, er beiðnir þessar voru þá teknar fyrir, og lögðu gjaldþrotabeiðendur þær í úrskurð.

### III.

Þar sem Birgir Þorvaldsson hefur ekki sótt þing við meðferð framkominna gjaldþrotabeiðna, en hefur á lögmæltan hátt verið kvaddur til að gæta hagsmuna sinna vegna þeirra, ber að fella úrskurð á beiðnir þessar eftir ákvæðum 5. tl. 18. gr. laga nr. 6/1978 og 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. laga nr. 6/1978.

Í c-lið 1. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978 er svo fyrir mælt, að bú skuldara megi taka til gjaldþrotaskipta samkvæmt kröfu lánardrottins, hafi verið gerð árangurslaus aðför hjá skuldaranum á þremur síðustu mánuðum fyrir móttöku skiptaráðanda á beiðni þar um. Segir, að skiptaráðandi geti þó hafnað kröfunni, ef fógetagerðin gefur ekki að hans áliti ótvíræða visbend-

ingu um eignir skuldarans og skuldir. Þykir verða að skýra ákvæði þetta á þann veg, að skiptaráðanda sé meðal annars rétt að meta, hvort sá, sem gefið hefur yfirlýsingar fyrir fógeta um eignir skuldarans, sé að lögum hæfur til þess eða hvort ætla megi, að hann hafi þá yfirsýn yfir efnahag skuldarans, að ekki verði talið varhugavert að leggja yfirlýsingu hans til grundvallar. Verður að telja, að nefnd fyrirmæli, sem fram koma í 2. ml. c-liðs 1. tl. 13. gr. ívitnaðra laga, heimili samkvæmt berum orðum sínum slíkt mat á athöfn hliðsetts dómstóls.

Við hina árangurslausu lögtaksgerð þann 21. nóvember 1984, sem Gjaldheimtan í Reykjavík styður gjaldprotabeidni sína við, mætti Magnús Þórðarson héraðsdómslögmaður af hálfu Birgis Þorvaldssonar og lýsti því yfir fyrir fógetarétti, að gerðarþoli væri eignalaus. Í bréfi Gjaldheimtunnar í Reykjavík, dagsettu 4. febrúar 1985, sem áður hefur verið vikið að, er því álitit lýst, að í málflutningsumboði samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/1942 felist heimild til, að málflutningsmaður megi gefa yfirlýsingu af því tagi, sem hér um ræðir, svo bindandi sé fyrir umbjóðanda hans. Í 1. mgr. þessa ákvæðis segir, að ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða fulltrúi þeirra sækir þing fyrir aðilja, skuli hann teljast hafa umboð til slíks. Um inntak þessa umboðs segir í 2. mgr. ákvæðisins, að í því felist heimild til að framkvæma sérhvað það, sem venjulegt sé við flutning máls fyrir dómi og að aðili sé bundinn við málflutningsathafnir og yfirlýsingar umboðsmanns síns, bæði um forms- og efnisatriði máls. Þótt ætla verði, að af ákvæðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1942 leiði, að umræddur lögmaður hafi mætt við lögtaksgerð í umboði Birgis Þorvaldssonar, þykir ekki unnt að fallast á, að yfirlýsing af því tagi, sem hér um ræðir, falli innan marka málflutningsumboðs, eins og það er skilgreint í 2. mgr. 4. gr. ívitnaðra laga, og verður þessi yfirlýsing lögmansins því ekki metin á þann veg, að hún jafngildi því, að umbjóðandi hans hafi sjálfur gefið hana, brýndur um skyldur sínar fyrir rétti. Fyrirliggjandi gögn gefa ekki til kynna, að lögmanninginum sé svo af eigin raun kunnugt um efnahag skuldarans, að yfirlýsing hans um eignaleyfi skuldarans geti talist ótvíræð vísbending um eignir skuldarans í merkingu 2. ml. c-liðs 1. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978, enda fæst heldur ekki séð, að lögmaðurinn hafi verið bær til að taka málstað skuldarans eftir reglum 2. mgr. 34. gr. laga nr. 19/1887, sbr. 3. ml. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 29/1885. Þykir því ekki unnt að fallast á, að fyrirliggjandi lögtaksgerð Gjaldheimtunnar í Reykjavík fullnægi skilyrðum c-liðs 1. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978, til þess að bú Birgis Þorvaldssonar verði tekið til gjaldþrota skipta samkvæmt beiðni, reistri á grundvelli hennar, og ber því að hafna þessari kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Lögtaksgerð þeirri, sem Póstgíróstofan byggir áður nefnda gjaldþrota-beiðni sína á, var, eins og áður greinir, beint að Íslenskum sjávarréttum,

sem ætla verður, að Póstgíróstofan telji einkafirma Birgis Þorvaldssonar. Við gerð þessa mætti nefndur Birgir, og segir í fyrirleggjandi endurríti lög-  
taksgerðar, að hann kveði „fyrirtækið eignalaust með öllu“. Verður ekki ráðið af fyrirleggjandi gögnum, hvort fógeti hafi krafist þess, að marg-  
nefndur Birgir upplýsti, hvort hann sjálfur ætti eignir, sem hann gæti vísað á til lögtaks. Þykir lögtaksgerð þessi ekki nægilega ljós, til að talið verði, að taka megi samkvæmt c-lið 1. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978 til greina beiðni um töku bús Birgis Þorvaldssonar til gjaldþrotaskipta, er styðst við hana. Í ljósi þessarar niðurstöðu um framkomnar gjaldþrotabeiðnir á hendur Birgi Þorvaldssyni heimilar 13. gr. laga nr. 6/1978 ekki, að bú einkafirma hans eitt út af fyrir sig verði tekið til gjaldþrotaskipta, og ber því að hafna beiðni þar um.

Samkvæmt framansögðu verður því að hafna sjálfkrafa framkomnum beiðnum Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Póstgíróstofunnar um, að bú Birgis Þorvaldssonar og Íslenskra sjávarréttá verði tekin til gjaldþrota-  
skipta. Kröfur hafa ekki verið hafðar uppi um málskostnað vegna þessa málefnis.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úskurð þennan, en honum var falið mál þetta til meðferðar þann 30. apríl 1985.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er beiðnum Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Póstgíróstofunnar um, að bú Birgis Þorvaldssonar, nafnnúmer 1136-1609, Blá-  
skógum 4, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta, svo og beiðni Póstgíróstofunnar um, að bú Íslenskra sjávarréttá, nafnnúmer 4832-  
3693, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

---